

Sjá hel. 4 og 5.

ENDURRIT
ÚR
SAKADÓMSBÓK REYKJAVÍKUR

---ooo0ooo---

Ár 1980, föstudaginn 11. janúar, er dómþing sakadóms
Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni,
fulltrúa.

1) Fyrir er tekið:

Beiðni ríkissaksóknara um skýrslutöku
fyrir dómi af Helgu Gísladóttur, vegna
hæstaréttarmálsins nr. 214/1978.

Í dóminum liggja frammi III. og IV. hefti ágrips ofangreinds
máls.

Kl. 15:30 mætir í dóminum Þórður Björnsson, ríkissaksóknari.

Hann óskar þess að tekin verði skýrsla af Helgu Gísladóttur, sem áður hefur komið fyrir dóm í málinu.

Í dóminn eru mættir lögmennirnir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., skipaður verjandi Erlu Bolladóttur, Jón Oddsson, hrl., skipaður verjandi Sævars Marinós Ciesielski, Hilmar Ingimundarson, hrl., skipaður verjandi Tryggva Rúnars Leifssonar og Örn Clausen, hrl., skipaður verjandi Alberts Klahn Skaftasonar.

Kl. 15:40 kemur fyrir dóminn sem vitni, Helga Gísladóttir, húsmóðir, til heimilis að Litluvöllum, Garðabæ, fædd 11. maí 1955 í Hafnarfirði.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og vitnaábyrgð.

Vitnið kveðst s.l. haust hafa fengið bréf frá Sævari, þar sem hann fór þess á leit við vitnið, að það færi austur að Litla-Hrauni og ræddi málin við sig. Vitnið kveðst hafa rifið þetta bréf og hent því.

Vitnið kveðst, eftir að það fékk bréfið, í október eða nóvember s.l. hafa fengið upphringingu frá Andreu Þórðardóttur og var vitnið þá statt á heimili móður sinnar. Að sögn vitnisins skýrði Andrea svo frá að Sævar ætti bágð og væri langt niðri. Að sögn vitnisins var Andrea með þau skilaboð frá Sævari að vitnið breytti framburði sínum að því leyti að Sævar hefði komið þarna um kvöldið að starfsmannahúsi Kópavogshælis þann 26. janúar 1974 og dvalið þar alla nóttina. Vitnið kveður að Sævar hafi farið um kl. 23:30 og komið aftur um kl. 04:30.

Vitnið kveðst undanfarið hafa fengið hótanir frá ýmsu fólki, er hún kom í veitingahúsið Klúbbinn. Hafi fólkið haft tal af sér og sagst vera með skilaboð frá Sævari. Hafi fólk þetta

verið með hótanir og gefið í skyn að barn hennar væri í hættu ef hún ekki breytti framburði sínum.

Upplesið.

Vitnið kveður að samtalið við Andreu hafi staðið á þriðju klukkustund. Vitnið kveðst hvorki fyrr né síðar hafa rætt við Andreu og kveðst vitnið ekki þekkja hana. Vitnið kveðst hafa sýnt eiginmanni sínum bréfið frá Sævari, einnig fyrrverandi eigin konu Alberts Klahn og jafnframt kveðst vitnið hafa lesið bréfið fyrir móður sína.

Upplesið, játað rétt bókað.

Vitnið vikur frá kl. 16:25.

2) Fyrir er tekið:

Beiðni ríkissaksóknara um skýrslutöku fyrir dómi af Gunnari Jónssyni og lögreglumönnum Gísla Guðmundssyni og Torfa Jónssyni, vegna Hæstaréttarmálsins nr. 214/1978.

Lagt er fram:

Nr. 1 bréf ríkissaksóknara til dómsins dags. 9. janúar 1980,

- 2 bréf Jóns Oddssonar hrl. og Hilmars Ingimundarsonar hrl. til ríkissaksóknara dags. 7. janúar 1980.

Kl. 16:25 mætir í dóminum sem vitni, Torfi Jónsson, rannsóknarlögreglumaður, til heimilis að Kleppsvegi 42, fæddur 3. október 1919 í Dalasýslu.

Vitninu er kunn vitnaskylda og vitnaábyrgð.

Lagðar eru fyrir vitnið eftirfarandi spurningar:

1. "Hvernig gerðu þeir Gunnari Jónssyni grein fyrir erindi sínu, hvað ræddu þeir við hann er þeir hittu hann á Spáni og á leiðinni heim?"

Vitnið svarar því til að þeir hafi haft meðferðis bréf frá Gunnlaugi Briem, sakadómara, til Gunnars og hafi þeir afhent honum bréfið, og kveður vitnið að þeir hafi haft strengileg fyrirmæli um að ræða ekkert við Gunnar um málið.

2. "Hvernig var gæslu Gunnars háttað?"

Vitnið skýrir svo frá að á Keflavíkurflugvelli hafi lögreglumenn tekið á móti Gunnari og flutt hann að Hótel Holti þar sem hann dvaldist um nóttina og var Hellert Jóhannesson, lögreglumaður, á vakt yfir honum. Daginn eftir kom Gunnar fyrir dóm. Vitnið kveðst síðan sjálfst hafa verið á heimili móður Gunnars og staðið þar vakt yfir honum.

3. "Átti Gunnar þess kost að ræða við Albert Klahn Skaftason fyrir eða á meðan á skýrslutöku stóð? (Var skipaður með þeim fundur?)"

Vitnið kveðst ekki vita til þess að Gunnar og Albert hafi ræðst við áður en skýrslutakan hófst fyrir dómi.

4. "Ræddi Gunnar við lögreglumennina um málið og þá hvernig?"

Vitnið svarar því til að hann hafi ekkert rætt við Gunnar um málið.

5. "Hvernig voru viðbrögð Gunnars eftir að hann hafði gefið skýrslur í málinu og staðfest framburð sinn?"

Vitnið svarar því til að það hafi ekki verið í réttarsalnum er Gunnar vann eið að framburði sínum. Vitnið kveður að Gunnar

hafi fundið að því við sig og tjáð sér að hann hefði sennilega ekki unnið eiðinn ef vitnið hefði verið viðstatt. Skildist vitninu að með þessu væri Gunnar að gefa í skyn að hann væri ekki of viss í sinni sök um framburð sinn.

6. "Er lögreglumönnunum kunnugt um, hvort Gunnar hefur síðan tjáð sig munnlega eða skriflega um framburð sinn?"

Vitnið kveðst ekki kannast við það.

Hilmar Ingimundarson, hrl., spyr nú vitnið hvort farið hafi verið með Gunnar að Hamarsbraut 11, fyrir eða eftir að skýrslan var tekin laugardaginn 30. apríl 1977.

Vitnið kveður að það hafi örugglega ekki verið farið með Gunnar fyrir skýrslutökuna.

Upplesið, játað rétt bókað.

Vitnið vikur frá kl. 17:05.

Kl. 17:05 mætir í dóminum sem vitni, Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, til heimilis að Byggðarenda 22, fæddur 6. júní 1926 í Árnessýslu.

Vitninu er kunn vitnaskylda og vitnaábyrgð.

Lagðar eru fyrir vitnið eftirfarandi spurningar:

1. "Hvernig gerðu þeir Gunnari Jónssyni grein fyrir erindi sínu, hvað ræddu þeir við hann er þeir hittu hann á Spáni og á leiðinni heim?"

Vitnið skýrir svo frá að þeir hafi haft meðferðis bréf til Gunnars, sem þeir afhentu honum. Vitnið kveður að þeir hafi haft fyrirmæli um, að ræða ekkert við Gunnar um málið. Kveður vitnið að eftir þeim fyrirmælum hafi verið farið.

2. "Hvernig var gæslu Gunnars háttað?"

Vitnið kveður að lögreglumenn hafi tekið við Gunnari á Keflavíkurflugvelli og síðan hafi verið farið með hann að Hótel Holti, þar sem hann dvaldi um nóttina og var lögregluvörður yfir honum. Vitnið kveður síðan að Gunnar hafi dvalið á heimili móður sinnar og var hafður lögregluvörður yfir honum.

3. "Átti Gunnar þess kost að ræða við Albert Klahn Skaftason, fyrir eða á meðan á skýrslutöku stóð? (Var skipulagður með þeim fundur?)"

Vitnið kveðst ekki vita til þess að Gunnar og Albert Klahn hafi ræðst við fyrir eða meðan á skýrslutöku stóð.

4. "Ræddi Gunnar við lögreglumennina um málið og þá hvernig?"

Vitnið kveðst ekki hafa rætt við Gunnar um málið.

5. "Hvernig voru viðbrögð Gunnars eftir að hann hafði gefið skýrslur í málinu og staðfest framburð sinn?"

Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt er Gunnar gaf lokaskýrslu og staðfesti framburð sinn.

6. "Er lögreglumönnum kunnugt um, hvort Gunnar hefur síðar tjáð sig munnlega eða skriflega um framburð sinn?"

Vitnið kveðst hafa rætt við föður Gunnars og hafi faðir hans sagt vitninu að Gunnar væri hugsandi vegna þessa máls. Vitnið kveðst ekki geta svarað þessu öðruvísi.

Upplesið, játað rétt bókað.

Vitnið kveður að farið hafi verið með Gunnar að Hamarsbraut 11, eftir að fyrsta skýrslan var tekin í málinu. Vitnið man ekki nákvæmlega hverjir voru viðstaddir en telur að dómarar málsins og vararíkissaksóknari hafi verið viðstaddir.

Upplesið, játað rétt bókað.

Víkur frá kl. 17:30.

Samkvæmt upplýsingum frá boðunardeild dómsins mun Gunnar Jónsson enn vera á Spáni. Ríkissaksóknari fellur frá því, að Gunnar Jónsson verði yfirheyrður fyrir dómi.

3) Fyrir er tekið:

Beiðni ríkissaksóknara um yfirheyrslu fyrir dómi af Erlu Bolladóttur, vegna Hæstaréttarmálsins nr. 214/1978.

Lagt er fram:

Nr. 1 bréf Guðmundar Ingva Sigurðssonar, hrl. til ríkissaksóknara, dags. 11. janúar 1980.

Kl. 17:30 mætir í dóminum Erla Bolladóttir, húsmóðir, Laugavegi 49, fædd 19. júlí 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Mætta óskar nú eftir að skýra frá því að fyrri framburðir sínir um för sína til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974 séu rangir. Mætta kveðst nú ekki hafa farið til Keflavíkur. Mætta kveðst skýra frá þessu að eigin frumkvæði og komi ekki til þrýstingur frá nokkrum öðrum. Mætta kveðst fyrst nú þora að mæta til að breyta framburði sínum og kveður hún ástæðuna vera breytt lífsviðhorf.

Mætta kveður að gæsluvarðhaldið hafi haft þvingandi áhrif á sig og valdið því að hún bar eins og hún gerði.

Upplesið, játað rétt bókað.

Mætta kveður að framburðir sínir um flutning á líki Geirfinns

séu einnig rangir.

Hilmar Ingimundarson, hrl. spyr nú mættu, hvernig á því standi að framburðir mættu og meðákærðu séu í samræmi.

Mætta kveður að ástæðan sé sú að rannsóknarmenn hafi átt hlut að því að samræma framburðina með því að gefa sér punkta um framburði hinna.

Upplesið, játað rétt bókað.

Víkur frá kl. 17:55.

4) Fyrir er tekið:

Beiðni ríkissaksóknara um yfirheyrslu fyrir dómi af Andreu Þórðardóttur, vegna Hæstaréttarmálsins nr. 214/1978.

Kl. 18:00 mætir í dóminum sem vitni, Andrea Þórðardóttir, húsmóðir, fædd 16. desember 1936 í Reykjavík, til heimilis að Langeyrarvegi 11 A, Hafnarfirði.

Vitnið er brýnt á vitnaskyldu og vitnaábyrgð.

Vitninu er kynnt tilefni fyrirkallsins.

Vitnið kveðst hafa verið með fræðsluerindi og skemmtanir á Litla-Hrauni. Kveður vitnið að Sævar Marinó hafi haft tal af sér og beðið sig að koma boðum til Helgu Gísladóttur um að hún skrifaði sér bréf og staðfesti að Sævar hefði dvalið hjá Helgu alla nóttina, aðfaranótt 27. janúar 1974. Vitnið kveðst hafa hringt í Helgu og kveður vitnið, að Helga hafi ekki viljað gera þetta og talið málinu lokið af sinni hálfu. Vitnið minnir að símtal þetta hafi átt sér stað s.l. vor.

Upplesið, játað rétt bókað.

Vitnið kveður útilokað að samtali þetta hafi átt sér stað í haust.

Vitnið vísar frá kl. 18:15.

Þórður Björnsson.

Guðmundur I. Sigurðsson.

Hilmar Ingimundarson.

Örn Clausen.

Jón Oddsson.

Víkja frá kl. 18:20.

Dómpingi slitið.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.

Vottar:

Ragnheiður Guðjónsdóttir.

Jón Svanþórsson.

Rétt endurrit staðfestir:

skrifstofu sakadóms Reykjavíkur, 13. janúar 1980.

Hjörtur Aðalsteinsson

